

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni
um útsvar og útsvarstekjur sveitarfélaga.

1. Hvaða sveitarfélög leggja á útsvar sem er undir hámarki 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995?
- Hámarksálagning útsvars fyrir árið 2025 er skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, 14,97%. Skv. c-lið 1. mgr. 8. gr. a sömu laga fær Jöfnunarsjóður hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars sem nemur 0,77% til jöfnunar vegna grunnskóla og 1,44% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks. Af álagningarstofni útsvars rennur því beint 2,21% inn í Jöfnunarsjóð, óháð útsvarsprósentu.
- Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að af þeim 62 sveitarfélögum sem starfrækt eru leggja 12 sveitarfélög á útsvar sem nemur lægri útsvarsprósentu en lögbundið hámark (14,97%) kveður á um. Sveitarfélögin eru eftirfarandi:

Sveitarfélag	Álagninga rprósentu útsvars 2025	Álagningarprósentu á n hlutdeilda r Jöfnunarsjóðs
Kópavogsbær	14,93%	12,72%
Seltjarnarnesbær	14,54%	12,33%
Garðabær	14,71%	12,50%
Hafnarfjarðarkaupstaður	14,93%	12,72%
Kjósarhreppur	14,45%	12,24%
Skorradalshreppur	13,50%	11,29%
Hvalfjarðarsveit	14,14%	11,93%
Fjallabyggð	14,93%	12,72%
Tjörneshreppur	14,45%	12,24%
Fljótisdalshreppur	12,44%	10,23%
Vestmannaeyjabær	14,91%	12,70%
Grímsnes- og Grafningshreppur	12,89%	10,68%

2. Hverjar eru útsvarstekjur sveitarfélaga sem leggja ekki á hámarksútsvar og hverjar væru væntar útsvarstekjur þeirra ef þau legðu á hámarksútsvar? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.
- Eftirfarandi tafla sýnir hvernig útsvarstekjur A-hluta þeirra sveitarfélaga sem fullnýttu ekki heimild sína til álagningar útsvars voru samkvæmt ársreikningi 2024 og hverjar væntar útsvarstekjur þeirra væru ef þau hefðu lagt á hámarksútsvar. Í töflunni er búið að leiðrétta fyrir hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni sveitarfélaga.

Sveitarfélag	Útsvar skv. ársreikningi 2024 A-hluti	Væntar útsvarstekjur m.v. fullnýtingu útsvars	Mismunur
Kópavogsbær	34.509.808	34.618.329	108.521
Seltjarnarnesbær	4.357.595	4.509.563	151.968
Garðabær	18.216.681	18.595.588	378.907
Hafnarfjarðarkaupstaður	25.319.349	25.398.970	79.621
Kjósaðshreppur	260.597	271.668	11.071
Skorradalshreppur	49.358	55.785	6.427
Hvalfjarðarsveit	582.796	623.343	40.547
Fjallabyggð	1.636.565	1.641.711	5.146
Tjörneshreppur	37.861	39.470	1.608
Fljótsdalshreppur	65.984	82.303	16.319
Vestmannaeyjabær	3.710.555	3.728.085	17.530
Grímsnes- og Grafningshreppur	365.950	437.221	71.271
<i>Fjárhæðir eru í þús. kr.</i>			888.936

3. Hvaða áhrif hefur álagt útsvar á greiðslur sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga?

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, skal við útreikning framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miða við það útsvar sem sveitarfélag hefur fengið ef það nýtti tekjustofna sína að fullu.

Þetta þýðir að hvort sem sveitarfélag innheimtir hámarksútsvar eða ekki er gert ráð fyrir í útreikningum að það hafi lagt á hámarksútsvar. Álagt álagningarhlutfall útsvars hefur ekki áhrif á útreikning framlaga úr sjóðnum.

Þess ber þó að geta að þau sveitarfélög sem fullnýta ekki heimild sína til álagningar útsvars eiga ekki rétt á tekjujöfnunarframlagi, sbr. 2. mgr. 12. gr. a laga nr. 4/1995.